

Fæðingar á Íslandi 1871–2004

Births in Iceland 1871–2004

Samantekt

Árið 2004 fæddust hér á landi 4.234 börn, 2.176 drengir og 2.058 stúlkur. Algengasti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemin þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið. Undanfarin fimm ár hefur Ísland legið nokkuð undir þessu viðmiði og árið 2004 mældist frjósemin 2,0 börn á ævi hverrar konu. Þetta er meiri frjósemi en viðast hvar annars staðar á Vesturlöndum og í engu landi í Evrópu nema í Tyrklandi er frjósemi meiri en hér.

Á 20. öldinni varð frjósemi hér á landi mest undir lok 6. áratugarins en þá voru lifandi fædd börn á ævi hverrar konu um 4,2. Frjósemi minnkaði mjög ört á 7. áratugnum og féll niður fyrir 3 um 1970 og varð lægri en 2 um tveggja ára skeið um miðbik 9. áratugarins. Eftir það hækkaði frjósemi á Íslandi tímabundið en lækkaði aftur í upphafi 10. áratugarins. Frjósemi eftir fæðingarárgöngum mæðra leiðir í ljós heldur minni sveiflur í frjósemi á 20. öldinni en fram kemur þegar frjósemi er reiknuð út frá viðmiðunarári.

Lækkuð frjósemi hefur haldist í hendur við hækkaðan meðalaldur mæðra. Lægstur var meðalaldur frumþyrrja 21,3 ár á árabilinu 1966–1970 en er nú 26 ár. Sífellt fátíðara verður að konur eigi börn áður en þær ná 25 ára aldri. Fram undir 1980 var algengasti barneignaraldurinn 20–24 ár en lækkun fæðingartíðni er mest áberandi í þessum aldurshópi kvenna. Unglingamæðrum hefur einnig fækkað jafnt og þétt á þessu tímabili.

Aðeins rúmlega þriðjungur barna á Ísland fæðist nú innan vébanda hjónabands (36,3%) en tæplega helmingur (47,2%) innan óvígðrar sambúðar foreldra. Talsverður munur er á hjúskapar- og sambúðarstöðu mæðra eftir því hvar í systkinaröðinni barnið er. Eftir því sem ofar dregur í systkinaröðinni fjölgar börnum sem fæðast innan hjónabands og börnum sem eiga foreldra í óvígðri sambúð fækkar að sama skapi.


Frjósemi

Frjósemi í Evrópu lækkar

Eitt helsta áhyggjuefni stjórvalda víða í Evrópu um þessar mundir er lækkuð fæðingartíðni. Nú er svo komið að í nær öllum löndum Evrópu er frjósemi undir viðmiðunarmörkum þ.e. þeim mörkum sem þarf til að tryggja endurnýjun kynslóðanna. Miðað er við að hver kona þurfi að meðaltali að eignast 2,1 barn um ævina til þess að fólksfjöldinn haldest óbreyttur þegar til lengri tíma er litið. Lækkuð fæðingartíðni hefur ásamt auknum lífslíkum haft víðtæk áhrif á aldurs-samsetningu íbúa í Evrópu undanfarna áratugi. Börnum fækkar hlutfallslega jafnt og þétt og öldruðum fjölgar að sama skapi. Í mörgum Evrópulöndum verður fólksfjölgun nú einungis vegna streymis aðkomufólks frá öðrum löndum.



Mynd 1. Frjósemi í nokkrum Evrópuríkjum 1980 og 2003
Figure 1. Total fertility rate in a few countries in Europe 1980 and 2003



Frjósemi meiri hér á landi en annars staðar í Evrópu

Hér á landi er fæðingartíðni hærri en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Á árinu 2004 fæddust hér 4.234 börn, 2.176 drengir og 2.058 stúlkur. Þetta jafngildir því að hver íslensk kona eignist tvö börn um ævina. Mynd 1 ber saman frjósemi í nokkrum löndum Evrópu árin 1980 og 2003 (sjá enn fremur töflu 8). Að undanskildu Tyrklandi er frjósemi nú hvergi meiri en á Íslandi.¹ Á Írlandi er hún jafnhá og hér en í engu öðru Evrópulandi nær frjósemi tveimur börnum á ævi hverrar konu. Í nær tveimur af hverjum þremur löndum sem aðild eiga að Evrópuráðinu er hún nú undir 1,5 börnum (sjá töflu 8).

Frjósemi nú minnst í Austur-Evrópu

Athygli vekur að samanborið við önnur Evrópulönd er frjósemi á Norðurlöndum fremur há og í engu landanna fimm er hún undir 1,7 börnum. Það er líka eftirtektarvert að á engu Norðurlandanna, að Íslandi undanskildu, hefur frjósemi breyst að ráði frá 1980. Af Evrópulöndum mælist frjósemi nú minnst í löndum Austur-Evrópu. Í flestum þessara landa var frjósemin nálægt tveimur árið 1980 en er nú víða aðeins 1,2 börn á ævi hverrar konu. Tafla 8 sýnir að í Austur-Evrópu minnkaði frjósemi mest eftir umrótíð í kjölfar breytinga á stjórnarfari í löndum fyrrum ráðstjórnarríkjanna og öðrum löndum Austur-Evrópu um og upp úr 1990. Í öðrum Evrópulöndum hefur lækkun frjósemi verið mun hægari og hvergi hefur verið um jafnörar breytingar að ræða og í austanverðri Evrópu. Utan Austur-Evrópu er frjósemi minnst í nokkrum kaþólskum löndum í Suður-Evrópu. Þar var frjósemi við upphaf 10. áratugarins langminnst í álfunni, 1,3 á Ítalíu og 1,4 á Spáni. Síðan þá hafa fremur litlar breytingar orðið á frjósemi í þessum löndum.

¹ Rétt er að benda á að í Albaníu hefur frjósemi verið afar há. Nýjustu tölur í riti Evrópuráðsins um frjósemi í Evrópu eru frá 1995 og því ekki birtar hér (sjá töflu 8). Samkvæmt útreikningum Sameinuðu þjóðanna mældist frjósemi í Albaníu 2,1 barn árið 2000. Sjá: *World Fertility Report.. United Nations* (New York, 2004), bls. 4.

Frjósemi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1871–2004

Mynd 2 sýnir þróun frjósemi í fjórum Norðurlandanna allt frá árinu 1871. Framan af reyndist frjósemi áþekk í löndunum fjórum og fram undir aldamótin 1900 gat hver kona á Norðurlöndum vænst þess að eiga rúmlega fjögur börn að meðaltali. Mikilvægt er hafa í huga að á þessu tímabili var hlutfall kvenna sem aldrei giftust afar hátt hér á landi og þótt hlutfallslega mörg börn fæddust utan hjónabands var hlutfall barnlausra kvenna hátt. Þær konur sem á annað borð eignuðust börn áttu því mun fleiri börn en meðaltalið í mynd 2 gefur til kynna.

*Frjósemi afar lítill á
kreppuárnum upp úr 1930*

Mynd 2 sýnir að allnokkuð dró úr frjósemi á Norðurlöndum á fyrstu áratugum 20. aldar. Hér á landi var þessi þróun mun hægari en annars staðar og á árabilinu 1926–1930 var frjósemi 3,5 en á bilinu 2,0–2,3 í hinum löndum þremur (Finnland er hér undanskilið). Heimskreppan á 4. áratugi aldarinnar hafði almennt í för með sér lækkaða frjósemi á Vesturlöndum og hér á landi náði hún sögulegu lágmarki á árunum 1936–1940 (2,8 börn á ævi hverrar konu). Á Norðurlöndum varð frjósemi minnst í Svíþjóð á kreppuárnum en þar fóll hún niður fyrir 2 börn um miðbik 4. áratugarins. Athygli vekur að lægðin í frjósemi á kreppuárnum varaði mun skemur hér á landi en í hinum löndunum þremur.

Eins og gefur að skilja var fæðingartíðni fremur lág í flestum löndum Evrópu á árum seinni heimstyrjaldarinnar. Þessu var ekki þannig farið á Norðurlöndum og í öllum löndunum má merkja aukna frjósemi fljótlega upp úr 1940. Hér náði frjósemi hámarki árið 1960 en þá fæddust hverri íslenskri konu rúmlega fjögur börn. Næsta aldarfjórðung lækkað frjósemi á Norðurlöndum. Hér var lækkunin mun hraðari en í nágrannalöndunum og um miðbik 9. ártugarins fóll frjósemi hér á landi undir 2 börn. Annars staðar á Norðurlöndum var hún þá á bilinu 1,4–1,8 börn.

Sú aðferð sem beitt er við útreikninga á frjósemi mældri sem fjöldi barna á ævi hverrar konu (total fertility rate) byggir ekki á raunverulegum barneignum eftir fæðingarárgöngum kvenna enda liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir fyrr en konur hafa lokið barneignum sínum. Aðferð sem jafnan er beitt við útreikninga á frjósemi er uppsafnað frjósemishlutfall viðmiðunarársins í öllum aldurshópum kvenna 15–44 ára.¹


Þótt þessi aðferð hafi yfirleitt reynst gefa nokkuð góða mynd af barneignum kvenna eru nokkrir meinbugir á henni. Gallar koma einkum í ljós þegar miklar en tímabundnar breytingar verða á aldri kvenna við barnsburð, einkum ef einstakir aldurshópar kvenna ýmist flýta eða seinka barneignum sínum frá því sem áður var án þess að þær, þegar upp er staðið, eignist færri eða fleiri börn en eldri kynsystur þeirra. Í reynd getur barneignaraldur sveiflast talsvert mikið í takt við félagslegar og efnahagslegar breytingar. Mikil og ör lækkun meðalaldurs frumbyrja getur þannig haft í för með mikla og snögga hækkun frjósemi. Þessi hækkun getur þó reynst tímabundin vegna þess að þótt konur kjósi að eignast fyrsta barnið snemma á lífsleiðinni merkir það ekki endilega að þær eignist fleiri börn en eldri kynsystur þeirra sem hófu barneignir síðar. Svo dæmi sé tekið getur mikil fjölgun fæðinga í

¹ Reikningsaðferðin lítur þannig út fyrir viðmiðunarárið 2004:

Frjósemi viðmiðunarársins 2004 = (fædd börn 15 ára kvenna árið 2004 / Meðalmannfjöldi (Mmfj.) 15 ára kvenna árið 2004) + (fædd börn 16 ára kvenna árið 2004 / Mmfj. 16 ára kvenna árið 2004) + + (fædd börn 43 ára kvenna árið 2004 / Mmfj. 43 ára kvenna árið 2004) + (fædd börn 44 ára kvenna árið 2004 / Mmfj. 44 ára kvenna árið 2004)

Mynd 2. Frjósemi mæld sem fjöldi barna á ævi hverrar konu 1871–2004

Figure 2. Total fertility rate 1871–2004



Heimild Source: J.-C. Chesnais, *The Demographic Transition: Stages, Patterns and Economic Implications* (Oxford, 1992).

aldurshópnum 20–24 ára tiltekin ár haft í för með sér mikla fækken fæðinga í aldurshópnum 25–29 ára nokkrum árum síðar, einfaldlega vegna þess að þá hefur þorri þeirra kvenna sem þá er í þessum aldurshópi þegar eignast þann fjöldi barna sem hann ætlar sér. Að sama skapi getur hækkaður meðalaldur frumþyrja tímabundið haft í för með sér lækkaða frjósemi.

Frjósemi eftir fæðingarárgögum mæðra (cohort eða completed fertility) er yfirleitt háð mun minni árlegum sveiflum en frjósemi reiknuð sem uppsafnað frjósemishlutfall viðmiðunarársins (total fertility). Gallar þessarar aðferðar eru augljóslega þeir að hún veitir ekki upplýsingar um frjósemi fyrr en einstakir aldurshópar kvenna eru komnir úr barneign. Útreikningar á frjósemi eftir fæðingarárgögum mæðra eru áþekkir útreikningum á frjósemi kvenna á viðmiðunarári.¹

Mynd 3 sýnir frjósemi eftir fæðingarárgangi kvenna sem fæddust á árunum 1841–1970 á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.² Samanburður við mynd 2 sýnir glöggt að árlegar sveiflur eru mun minni þegar þessari aðferð er beitt en þegar miðað er við frjósemi á viðmiðunarári (sbr. mynd 2) og ljóst er að mun minni munur er á frjósemi milli kynslóða kvenna sem fæddust á 20. öldinni en mynd 2 gefur tilefni til að áætla. Af Norðurlöndum er munur í frjósemi milli kynslóða mæðra minnstur í Svíþjóð. Sænskar konur sem fæddust við upphaf 20. aldarinnar og áttu flest sín börn við upphaf kreppunnar áttu þannig álíka mörg börn og kynsystur þeirra fæddar árið 1967 (1,9 börn). Flest börn eignuðust sænskar konur sem fæddar voru um miðbik 3. áratugarins (2,2 börn).


¹ Aðferðin væri þessi fyrir mæður sem fæddust árið 1950 (Mmfj.= meðalmannfjöldi og F1950=Fæðingarárgangar mæðra 1950):

Frjósemi F1950 = (fj. fæðinga F1950 15ára / Mmfj. F1950 við 15 ára aldur) + (fj. fæðinga F1950 16 ára / Mmfj. F1950 við 16 ára aldur) + ... + (fj. fæðinga F1950 44 ára / Mmfj. F1950 við 44 ára aldur)
Mmfj.= meðalmannfjöldi og F1950=Fæðingarárgangar mæðra 1950.

² Konur í yngstu árgöngunum (fæddar 1960-1970) teljast að sjálfsögðu ekki komnar úr barneign. Í útreikningum á frjósemi þeirra er miðað við að þær eigi á næstu árum jafnmörg börn og konur á sama aldri í dag.

Mynd 3. Frjósemi eftir fæðingarárgangi mæðra 1841–1970

Figure 3. Completed fertility of female birth cohorts 1841–1970



Heimild Source: Helge Brunborg og Svenn-Erik Mamalund, *Kohort- og periodefruktbarhet i Norge 1820–1993*. SSB 94/27 (Oslo, 1994). – *Fruktsamhet för kvinnliga födelseårscohörter 1870–1940*. Statistiska meddelanden 1969:9. SCB (Stokkhólmur, 1969). – Poul Christian Matthiesen, „Famiedannelse og reproduktion i de nordiske lande gennem 100 år“, *Norden förr och nu. 18:e nordiska statistikermöte* (Stokkhólmur, 1989).

Konur fæddar á 4. áratugi 20.
aldar hafa átt flest börn

Sveiflur í frjósemi miðað við fæðingarárgang mæðra á 20. öld eru talsvert meiri í Noregi og á Íslandi en í hinum löndunum tveimur. Í öllum löndunum er frjósemi mest meðal kvenna sem fæddust á 4. áratugi aldarinnar. Norskar konur fæddar þá eignuðust að meðaltali 2,6 börn en íslenskar jafnoldrur þeirra eignuðust 3,5 börn. Frjósemi íslenskra kvenna er jafnhá og meðal írskra jafnaldra þeirra en í engum löndum Evrópu utan Albaníu og Tyrklands er frjósemi meiri.

Sveiflur í frjósemi sem fram koma á mynd 2 eiga sér margháttar skýringar. Oft má skýra þær með því að lægðir í efnahagslífinu leiða til þess að fólk frestar barneignum tímabundið. Einnig hefur sýnt sig að breytingar í fæðingarorlofs-löggjöf geta haft tímabundnar breytingar í för með sér. Dæmi um þetta er Svíþjóð en þar hefur hækkan frjósemi frá miðjum 9. áratugarins fram yfir 1990 (mynd 2) verið skýrð með lagabreytingum sem fólust í því að einstaklingar sem eignuðust börn með minna en 24 mánaða millibili héldu launum sem þeir höfðu við fæðingu fyrra barnsins óskertum á meðan þeir voru í fæðingarorlofi með síðari börn. Þetta virðist hafa haft í för með sér að það færðist í vöxt að foreldrar ættu börnin þéttar en áður var.¹ Þegar fram í sótti lækkaði frjósemin aftur vegna þess að margir foreldrar, sem flýtt höfðu barneignum sínum, höfðu þegar eignast þann barnafölda sem þeir ætluðu sér.

Samanburður á frjósemi reiknuð út frá viðmiðunarári og frjósemi eftir fæðingarárgögum kvenna hér á landi leiðir ljós að sú mikla hækkan frjósemi sem fram kemur í mynd 2 í kringum 1960 (4,3 börn á ævi hverrar konu) gefur nokkuð ýkta mynd af frjósemi enda er frjósemi einstakra fæðingarárganga mæðra aldrei meiri en 3,5 börn (sbr. mynd 3). Mikil og ör hækkan frjósemi reiknuð út frá viðmiðunarári við lok 6. áratugarins (mynd 2) stafar að nokkru leyti af því að meðalaldur mæðra lækkaði afar ört hér á landi á þessu tímabili. Konur kusu þannig

¹ Sjá: Britta og Jan M. Hoem, „Fertility trends in Sweden up to 1996“, *Below Replacement Fertility. Population Bulletin of the United Nations*. Special Issue Nos. 40/41 (New York 2000), bls. 27.

að eiga börn sín fyrr á lífsleiðinni. Konur í þessum sömu fæðingarárgöngum mæðra eignuðust jafnframt færri börn síðar á barneignarferlinum en eldri kynsystur þeirra. Í töflu 5 má þannig glöggt sjá að aldursbundin fæðingartíðni lækkar meðal kvenna 35 ára og eldri eftir 1970.

Á allrasíðstu árum má merkja gagnstæða þróun barneignaraldurs hér á landi. Líkt og annars staðar á Vesturlöndum virðast konur nú fresta barneignum sínum og kemur þetta best fram í hækjun meðalaldurs frumbyrja. Sem fyrr segir þarf þetta ekki endilega að merkja að konur hyggist eiga færri börn en kynsystur þeirra í eldri aldurshópum. Slík tilfærsla á barneignaraldri getur haft í för með sér tímabundna lækkun frjósemi þegar hún er reiknuð út frá viðmiðunarári þótt lítill sem engin breyting verði, þegar upp er staðið, á frjósemi í einstökum fæðingarárgöngum mæðra. Vísbending um að þetta geti átt við rök að styðjast hér á landi er að frjósemi í dag reiknast 2 börn á ævi hverrar konu (mynd 2) en skoði maður frjósemi einstakra aldursárganga kvenna sést að þær konur sem fæddar voru 1970 munu að meðaltali eignast 2,2 börn (mynd 3).


Aldur foreldra

Barneignaraldur hækkar

Sem fyrr segir hefur lækkuð frjósemi í Evrópu undanfarna áratugi haldist í hendur við hækkaðan meðalaldur mæðra. Hér á landi var meðalaldur frumbyrja lægstur 21,3 ár á árabilinu 1966–1970 en er nú 26,2 ár. Sífellt fátíðara verður að konur eigi börn áður en þær ná 25 ára aldri. Mynd 4 sýnir að barneignaraldur lækkaði hratt frá upphafi seinni heimstyrjaldarinnar og fram yfir 1970. Á 7. og 8. ártugnum var algengasti barneignaraldurinn 20–24 ár en lækkun aldursbundinnar fæðingartíðni hefur frá þessum tíma verið mest áberandi í þessum aldurshópi kvenna. Unglingamæðrum hefur einnig fækkað jafnt og þétt á þessu tímabili.


Mynd 4. Aldursbundin frjósemi 1871–2004

Figure 4. Age specific fertility rate 1871–2004



Mynd 5. Meðalaldur mæðra og feðra við barnsburð, frumburðir og öll börn 1961–2004

Figure 5. Mean age of mothers and fathers at childbirth, all children and mother's first child 1961–2004



Samanborðið við nágrannalöndin var fæðingartíðni hér á landi lengi vel afar há meðal kvenna undir tvítugu. Á fyrri hluta 7. áratugarins var hún yfir 80 af 1.000 í aldurshópnum 15–19 ára en er nú aðeins 13,0. Nú er algengasti barneignaraldurinn 25–29 ára en í þeim aldurshópi hefur fæðingartíðni haldist stöðug undangengin 30 ár. Í aldurshópum 30–34 ára og 35–39 ára lækkaði fæðingartíðni upp úr 1960 en hækkaði síðan lítillega um miðbik 9. ártugarins (sjá einnig töflu 5). Síðan þá hefur fæðingartíðni í þessum aldurshópum haldist stöðug.

Ekki er unnt að mæla aldur feðra með sama nákvæma hætti og aldur mæðra. Þótt upplýsingar liggi fyrir um aldur föður á fæðingarskýrslum í dag eru þar engar upplýsingar um röð barns og því er t.a.m. ekki hægt að sjá hvenær karlar eignast sitt fyrsta barn eins og hægt er í tilviki kvenna. Mynd 5 sýnir að allt frá árinu 1981 hefur munur á barneignaraldri karla og kvenna verið rúmlega tvö ár, árin 1981–1985 var meðalaldur feðra 28,8 ár en meðalaldur mæðra 26,5 ár en í dag er meðalaldur feðra 32 ár en meðalaldur mæðra 29,5 ár.


Hjúskaparstaða foreldra – Börn fædd utan hjónabands, hjónabandsbörn, sambúðarbörn og börn einstæðra mæðra

Nær tveir þriðju hlutar íslenskra barna fæðast utan hjónabands

Undanfarna áratugi hefur börnum sem fæðast utan hjónabands fjölgæð hlutfallslega í nær öllum löndum Evrópu. Hér á landi er hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands hæst í Evrópu en árið 2004 töldust 63,7% allra íslenskra barna fædd utan hjónabands. Næst hæst var hlutfallið í Svíþjóð (56%) og Noregi (50%) (miðað við árið 2003). Á Norðurlöndum hefur hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands jafnan verið hátt í evrópsku samhengi. Í allmögum löndum Evrópu heyrði nánast til undantekninga fyrir um aldarfjórðungi að börn fæddust utan hjónabands. Þetta á til að mynda við um kaþólsk ríki Suður-Evrópu. Um miðbik 8. áratugarins fæddust þannig einungis um 2% barna utan hjónabands á Ítalíu en 13,6% í dag (sjá töflu 9).


Mynd 6. Lifandi fædd börn eftir hjúskapar- og sambúðarstöðu foreldra 1961–2004

Figure 6. Life births by marital and cohabitational status of parents 1961–2004



Mynd 7. Lifandi fædd fyrstu börn móður eftir hjúskapar- og sambúðarstöðu foreldra 1961–2004

Figure 7. Life births by marital and cohab. status of parents 1961–2004 (Parity one)




Þótt börn fæðist utan hjónabands merkir það ekki endilega að þau alist upp hjá báðum foreldrum. Nýleg rannsókn sem byggði á manntalsupplýsingum frá 1990 og 2000 sýnir raunar að í sumum löndum þar sem hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands er hátt er fremur fátítt að börn alist upp hjá einstæðu foreldri. Í báðum þessum manntölum var gefin upp sambúðarstaða og hjúskaparstaða einstaklinga. Þar kemur fram að í Noregi bjuggu einungis 11,7% barna í manntalinu 2000 hjá einstæðri móður og 2,6% hjá einstæðum föður. Í mörgum öðrum löndum Evrópu þar sem hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands er mun lægra en í Noregi var hlutfall barna sem bjuggu hjá einstæðri móður álika hátt og í Noregi.¹

¹ Dimiter Philippov, *Changing family formations in Europe*. Rit væntanlegt í ritröð Evrópuráðsins um mannfjölda.: *Population studies*. Council of Europe Publishing. Strasbourg.

Mynd 8. Lifandi fædd börn móður eftir hjúskapar- og sambúðarstöðu foreldra (2. barn og síðara)

Figure 8. Life births by marital and cohabitational status of parents 1961-2004 (Parity 2 or more)



Óvígð sambúð foreldra algengari hér en víða annars staðar

Hér á landi var ekki ráðist í töku manntals árin 1990 og 2000. Aftur á móti liggja fyrir upplýsingar um hjúskapar- og sambúðarstöðu foreldra á fæðingaskýrslum og Hagstofa Íslands hefur allt frá árinu 1961 birt tölur þar að lútandi í hagskýrslum.¹ Mynd 6 sýnir að hlutfall þeirra barna sem fæddust í hjónabandi hefur lækkað talsvert mikið frá því við upphaf 7. áratugarins. Árin 1961-1965 fæddust 74,3% allra íslenska barna innan vébanda hjónabands en hlutfallið er nú 36,3%. Hlutfall þeirra barna sem fæðast innan óvígðrar sambúðar foreldra var við upphaf tímabilsins 13,4% en 47,2% árið 2004. Hlutfallslega lítil breyting hefur orðið á hlutfalli mæðra sem teljast ekki búa með barnsföður við fæðingu barns, þær voru 12,4% allra mæðra árin 1961-1965 en eru 16,4% í dag.

Myndir 7 og 8 sýna að talsverður munur reynist vera á hjúskapar- og sambúðarstöðu foreldra eftir systkinaröð barna (sjá einnig töflu 4). Langflest börn sem fæðast utan hjónabands eru þannig fyrsta barn móður (mynd 7). Árið 2004 fæddist innan við fimmtungur fyrsta barns (18,6%) innan hjónabands og 56,0% fyrstu barna móður áttu foreldra í óvígðri sambúð. Áberandi flest börn sem ekki fæddust innan sambúðar (hvorki vígðrar né óvígðrar) voru fyrsta barn móður; foreldrar 25,3% fyrstu barna voru ekki í sambúð. Hið sama átti við um 13,0% annars barns, 7,7% þriðja barns og 9,0% fjórða barns eða síðara (sbr. tafla 5).

¹ Nauðsynlegt er að geta þess að nokkuð misrämi er milli tímabila í aðferðafræði við flokkun barna eftir sambúðarstöðu foreldra. Fyrir 1986 studdist skýrslugerð um þetta atriði við þjóðskrá auk upplýsinga um lögheimili foreldra á fæðingaskýrslum og var þá ekki talið um sambúð að ræða nema foreldrar hefðu sama lögheimili. Eftir 1986 byggir skýrslugerð um þetta atriði eingöngu á yfirlýsingum móður um þetta atriði.

English summary

Live births in Iceland were 4,234 in 2004. Total fertility rate was thus 2.0 which is higher than in most other European societies. Turkey and Albania were the only countries in Europe with higher total fertility rate than Iceland. The total fertility rate has remained relatively stable in Iceland since the early 1990s. During the 20th century total fertility peaked during the 1960s to a rate of 4.3.

It is shown that the trend in completed fertility by mothers' birth cohorts was much smoother than was the case with the trend in total fertility. Highest fertility rate was experienced by mothers in birth cohorts of the 1930s (3.5).

In recent decades Iceland has experienced pronounced increase in the age of mothers at child-birth. Between 1966 and 1970 the mean age of primiparas was 21.3 as compared to 25.7 in 2004. During this period, age-specific fertility in the age groups below 25 has declined considerably whereas fertility above the age of 30 has remained stable.

The share of extra-marital births is higher in Iceland than in any other country of Europe and in 2004 almost two thirds of all children were born out of wedlock. Most of those children were born to parents cohabiting and only 16.4 per cent of all mothers were not living with the child's father. The share of extra-marital births is considerably higher in the case of first births than is the case with children of higher parity.

Tafla 1. Lifandi fæddir eftir kyni 1841–2004

Table 1. Live births by sex 1841–2004

	Alls Total	Fjöldi Number		Stúlkur Girls	Á 1.000 íbúa Per 1,000 population
		Drengir Boys	Stúlkur Girls		
Árleg meðaltöl Annual means					
1841–1845	2.037	1.040	998		35,2
1846–1850	2.112	1.087	1.025		36,0
1851–1855	2.419	1.233	1.186		38,7
1856–1860	2.586	1.306	1.280		38,7
1861–1865	2.585	1.330	1.255		38,4
1866–1870	2.386	1.226	1.160		34,5
1871–1875	2.257	1.140	1.117		32,1
1876–1880	2.284	1.151	1.133		31,9
1881–1885	2.260	1.169	1.091		31,4
1886–1890	2.086	1.064	1.022		29,4
1891–1895	2.316	1.176	1.140		31,9
1896–1900	2.300	1.172	1.128		30,0
1901–1905	2.241	1.163	1.078		28,2
1906–1910	2.275	1.193	1.081		27,3
1911–1915	2.288	1.167	1.120		26,4
1916–1920	2.443	1.270	1.173		26,7
1921–1925	2.568	1.324	1.244		26,5
1926–1930	2.662	1.365	1.298		25,6
1931–1935	2.636	1.364	1.271		23,5
1936–1940	2.434	1.247	1.187		20,5
1941–1945	3.092	1.583	1.509		24,7
1946–1950	3.788	1.965	1.823		27,6
1951–1955	4.223	2.174	2.049		27,9
1956–1960	4.744	2.449	2.295		28,1
1961–1965	4.720	2.413	2.308		25,4
1966–1970	4.313	2.210	2.102		21,5
1971–1975	4.442	2.291	2.151		20,9
1976–1980	4.290	2.200	2.090		19,2
1981–1985	4.204	2.151	2.054		17,8
1986–1990	4.415	2.275	2.140		17,8
1991–1995	4.497	2.316	2.182		17,1
1996–2000	4.215	2.144	2.071		15,4
1986	3.881	1.991	1.890		16,0
1987	4.193	2.214	1.979		17,0
1988	4.673	2.444	2.229		18,7
1989	4.560	2.287	2.273		18,0
1990	4.768	2.440	2.328		18,8
1991	4.533	2.351	2.182		17,6
1992	4.609	2.379	2.230		17,7
1993	4.623	2.329	2.294		17,5
1994	4.442	2.289	2.153		16,7
1995	4.280	2.230	2.050		16,0
1996	4.329	2.214	2.115		16,1
1997	4.151	2.152	1.999		15,3
1998	4.178	2.128	2.050		15,3
1999	4.100	2.029	2.071		14,8
2000	4.315	2.195	2.120		15,3
2001	4.091	2.096	1.995		14,4
2002	4.049	2.066	1.983		14,1
2003	4.143	2.103	2.040		14,3
2004 ¹	4.234	2.176	2.058		14,5

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.

Tafla 2. Lifandi fæddir, öll börn og frumburðir eftir aldri móður 1971–2004Table 2. *Live births, total births and births of first child by age of mother 1971–2004*

	Börn alls Births total	Lifandi fædd börn eftir aldri móður <i>Live births by age of mother</i>						45 ára og eldri <i>45 years and over</i>		
		Innan 20 ára								
		Under 20 years	20–24 ára years	25–29 ára years	30–34 ára years	35–39 ára years	40–44 ára years			
Árleg meðaltöl <i>Annual means</i>										
1971–1975										
1971–1975	4.442	727	1.592	1.141	594	292	91	5		
1976–1980	4.290	625	1.480	1.197	673	257	55	4		
1981–1985	4.204	458	1.392	1.263	754	286	49	1		
1986–1990	4.415	311	1.243	1.442	984	375	58	1		
1991–1995	4.497	258	1.024	1.463	1.142	520	88	2		
1996–2000	4.215	249	929	1.286	1.111	543	94	2		
1991	4.533	298	1.039	1.495	1.116	499	85	1		
1992	4.609	282	1.047	1.545	1.133	514	86	2		
1993	4.623	237	1.066	1.540	1.151	525	103	1		
1994	4.442	237	1.006	1.432	1.133	544	89	1		
1995	4.280	238	962	1.301	1.178	518	79	4		
1996	4.329	224	966	1.314	1.169	573	80	3		
1997	4.151	254	951	1.225	1.113	514	93	1		
1998	4.178	264	886	1.305	1.092	524	105	2		
1999	4.100	261	906	1.237	1.050	562	84	—		
2000	4.315	244	936	1.351	1.129	543	108	4		
2001	4.091	208	858	1.346	991	582	104	2		
2002	4.049	190	824	1.269	1.064	589	106	7		
2003	4.143	167	834	1.326	1.168	520	126	2		
2004 ¹	4.234	131	825	1.372	1.204	576	122	4		
Frumburðir, árleg meðaltöl <i>Births of first child, annual means</i>										
1971–1975										
1971–1975	1.672	652	766	196	40	15	3	0		
1976–1980	1.637	574	789	212	47	12	2	0		
1981–1985	1.582	424	789	291	62	13	2	—		
1986–1990	1.588	288	783	392	102	19	4	—		
1991–1995	1.620	241	689	488	151	45	7	0		
1996–2000	1.626	234	640	499	188	56	9	—		
1991	1.626	276	701	484	129	34	2	—		
1992	1.681	263	703	519	150	39	7	—		
1993	1.616	215	706	488	157	45	5	—		
1994	1.594	224	664	484	160	53	8	1		
1995	1.583	225	669	465	157	54	12	1		
1996	1.536	208	659	440	178	47	4	—		
1997	1.622	243	660	458	189	56	16	—		
1998	1.600	249	600	498	181	59	13	—		
1999	1.599	243	607	505	184	54	6	—		
2000	1.773	227	673	593	209	63	8	—		
2001	1.681	191	616	595	201	68	9	1		
2002	1.579	178	562	538	200	85	13	3		
2003	1.664	159	608	596	226	60	14	1		
2004 ¹	1.621	125	593	588	238	63	14	—		

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

Tafla 3. Lifandi fæddir, öll börn og frumburðir móður eftir aldrí föður 1981–2004

Table 3. Live births, total births and births of mother's first child by age of father 1981–2004

	Börn alls	Innan Births total	20 ára Under 20 years	20–24 ára years	25–29 ára years	30–34 ára years	35–39 ára years	40–44 ára years	45–49 ára years	50–54 ára years	55–59 ára years	60 ára og eldri 60 years and over	Ótil- greint Not specified
Árleg meðaltöl													
<i>Annual means</i>													
1981–1985	4.204	168	1.070	1.356	940	444	134	42	14	4	2	31	
1986–1990	4.415	110	860	1.400	1.165	587	193	48	14	5	1	32	
1991–1995	4.497	88	699	1.335	1.262	720	262	76	16	5	2	33	
1996–2000	4.215	91	610	1.194	1.159	757	260	77	22	6	2	36	
1991	4.533	113	757	1.391	1.183	719	242	71	20	5	2	30	
1992	4.609	85	716	1.401	1.300	711	253	85	10	9	1	38	
1993	4.623	89	697	1.406	1.295	727	276	70	23	7	2	31	
1994	4.442	75	686	1.260	1.292	728	279	72	12	4	3	31	
1995	4.280	78	640	1.216	1.238	714	261	81	14	1	1	36	
1996	4.329	79	655	1.182	1.236	742	287	83	24	7	1	33	
1997	4.151	93	642	1.143	1.151	754	236	75	16	6	1	34	
1998	4.178	104	577	1.240	1.143	728	258	78	16	3	3	28	
1999	4.100	90	586	1.169	1.094	785	240	59	26	4	4	43	
2000	4.315	88	592	1.236	1.170	777	280	92	29	8	1	42	
2001	4.091	73	565	1.177	1.111	722	294	73	29	6	3	38	
2002	4.049	52	487	1.132	1.182	724	309	87	17	11	3	45	
2003	4.143	43	500	1.136	1.232	747	304	90	26	7	5	53	
2004 ¹	4.234	34	501	1.164	1.246	765	349	87	23	4	3	58	
Frumburðir móður, árleg meðaltöl													
<i>Births of mother's first child, annual means</i>													
1981–1985	1.582	159	728	458	150	43	12	5	3	0	0	23	
1986–1990	1.588	104	624	533	212	59	22	8	2	2	1	22	
1991–1995	1.620	82	525	583	260	91	37	15	4	1	1	23	
1996–2000	1.626	85	465	580	291	119	38	15	6	1	1	25	
1991	1.626	104	570	584	221	86	23	9	5	0	1	23	
1992	1.681	79	536	632	280	71	37	16	2	2	2	26	
1993	1.616	80	526	581	242	102	37	17	9	1	1	20	
1994	1.594	73	499	573	265	100	44	14	2	2	1	21	
1995	1.583	74	493	546	290	94	42	17	2	1	0	24	
